

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1990

6. mars 1990

235

Nr. 110

REGLUGERÐ

um bann við veiðum vestan Vestmannaeyja.

1. gr.

Frá kl. 10:00 árdegis 7. mars 1990 eru allar tog-, dragnóta- og línuveiðar bannaðar á svæði, sem markast að vestan af 20°34'V og að austan af 20°14'30' V. Að utan markast svæðið af línu, sem dregin er milli 63°35'40' N – 20°34' V og 63°30' N – 20°14'30' V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

6. mars 1990

Nr. 111

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn,
nr. 553 27. nóvember 1989.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn, sem öðlast þegar gildi:

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um 1,5%

Iðnaðarráðuneytið, 6. mars 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.